

Ed.

681. Nefndarálit

[236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það var eitt af fyrirheitum núverandi ríkisstjórnar, þegar hún hóf feril sinn, að tekjuskattslögum yrði breytt til batnaðar. Síðan hefur þetta fyrirheit verið endurtekið með jöfnu millibili. En nú er að ljúka þriðja þinginu, síðan núverandi ríkisstjórn kom til valda, án þess að nokkuð bóli á nýjum tekjuskattslögum.

Tekjuskattsfrumvarp fjármálaráðherra mun bersýnilega daga uppi í nefnd, og kemur það engum á óvart. Frumvarp ráðherrans var vanhugsað og illa undirbúið og naut ekki fylgis nema litils hluta stjórnarþingmanna, þegar það var lagt fram. Það var því ljóst frá öndverðu, að frumvarpið var fremur lagt fram til að láta skína í góðan vilja, en það átti aldrei að verða að veruleika.

Hinar fjölmörgu ívilnunarreglur, sem gert hafa fyrirtækjum fært að sleppa með að borga lítinn sem engan tekjuskatt, jafnvel þótt þau hafi mikil umsvif og góðar tekjur, munu því standa áfram í skattalögum óbreyttar, og héðan af þurfa forustumenn Sjálfstæðisflokksins ekki að hafa áhyggjur af því, að tekjuháir skattleysingjar fái skattseðla í hendur samkvæmt breyttum skattalögum, fyrr en í fyrsta lagi eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

Fjármálaráðherra hefur boðað, að beinir skattar verði hugsanlega eitthvað lækkaðir á næstunni í samræmi við væntanlegt samkomulag við aðila vinnumarkaðarins.

Er það að sjálfsögðu jákvætt, svo langt sem það nær. En ekki væri þó síður þörf á lækkun söluskatts, ef ráðherra telur sig aflögufæran, enda hefur endurtekin hækkun söluskatts í tíð þessa ráðherra átt verulegan þátt í hinni miklu verðbólgu seinustu ára. Auk þess virðist ekki ætlunin, eins og áður er sagt, að lagfæra **misréttið** í skattalöggjöfinni samfara væntanlegri skattalækkun.

Frumvarp það, sem deildin hefur nú til afgreiðslu, er aðeins tæknileg breyting, sem nauðsyn ber til að gera á núgildandi lögum vegna nýs fasteignamats og miðar að óbreyttri álagningu skatta þrátt fyrir nýtt mat, en þessu var einmitt heitið, þegar lög um fasteignamatið voru samþykkt.

Ég tel óviðunandi með öllu, að ekki sé reynt að koma í veg fyrir við álagningu skatta á þessu ári, að fjöldamörg fyrirtæki sleppi með að borga lítinn sem engan tekjuskatt, enda þótt þau hafi háar tekjur. Ég legg því til, að við afgreiðslu þessa frumvarps verði tækifærið notað til að fylla a. m. k. að einhverju leyti upp í þessa glufu tekjuskattslaga, en það verður helst gert með breytingum á fyrningaákvæðum laganna.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU :

Við frumvarpið bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ný lög um tekjuskatt og eignarskatt, sem fella lög þessi úr gildi, hafa ekki verið samþykkt, ber að miða árlega fyrningu eigna í atvinnurekstri við eðlilegan fyrningatíma eigna, sbr. 1. mgr. C-liðar 15. gr., en ákvæði um verðhækkunarstuðul og flýtifyrningu, sbr. 6. mgr. C-liðar og 1. mgr. D-liðar sömu greinar, koma ekki til framkvæmda.

Alþingi, 3. maí 1977.

Ragnar Arnalds.